

SEQUENCE FERÐASPIL

LEIKMENN – Tveir

INNIHALD: Leikborð, 52 Sequence spil, 50 spilapeningar, Ferðakassi

SEQUENCE: Óslitin röð 4 spilapeninga í sama lit annað hvort upp og niður eða þvertýfir leikborðið. Það má nota einn reit úr einni Sequence-röð til að mynda aðra röð.

MARKMIÐ: Að mynda tvær raðir á undan andstæðingnum.

UNDIRBÚNINGUR: Jókera á að fjarlægja úr spilastokknum og dregið um hver á að gefa fyrst. Sá sem dregur lægsta spilið gefur. Ásar eru hæstir. Sá sem gefur stokkar spilin og hverjum leikmanni eru gefin sjö spil.

SPILAREGLUR:

1. Hver leikmaður leggur eitt spil úr hendi sinni með réttu hliðina upp fyrir framan sig í kastbunka þannig að andstæðingurinn sjái það. Spilapeningur er lagður á reit á leikborðinu sem samsvarar spilinu.
2. Gosarnir Það eru 4 Gosar í spilastokknum. Gosar með TVÖ AUGU eru villtir. Þegar þú átt leik skaltu leggja tvíeygða Gosann þinn á kastbunkann þinn og leggja einn spilapeninga þinna á hvaða reit sem er á leikborðinu. Gosar með EITT AUGA: Þegar þú átt leik skaltu leggja eineygða Gosann þinn á kastbunkann þinn og fjarlægja einn spilapening andstæðingsins af leikborðinu, en þó ekki spilapening sem er hluti af réttmætri röð. Þegar leikmaður hefur myndað Sequence-röð má ekki taka hana.
3. Ef þú ert með spil á hendi sem hefur engan samsvarandi reit á leikborðinu vegna þess að þar hefur verið lagður spilapeningur með villtu spili, þá ertu með dauft spil á hendi og mátt skipta því út fyrir nýtt spil. Þegar þú átt leik skaltu setja dauða spilið í kastbunkann þinn, draga síðan efsta spilið úr dragbunkanum og tilkynna að þú sért að skipta út dauðu spili. Svo átt þú leik eins og venjulega.
4. Þegar þú hefur leikið og ert búin/n að leggja spilapeninginn á leikborðið, máttu draga nýtt spil úr dragbunkanum. Ef þú gleymir að draga nýtt spil áður en næsti leikmaður gerir OG dregur nýtt spil handa sér þá ertu búin/n að missa af því að draga nýtt spil og verður að klára leikinn með færri spil á hendi en andstæðingurinn.

VEGNA SMÁRRA HLUTA ER ÞETTA SPIL EKKI ÆTLAÐ BÖRNUM YNGRI EN 3 ÁRA.